

Fundargerð

Mætt: Rúnar Björn Herrera Þorkelsson (RB), Guðjón Sigurbjartsson (GS), Helga Völundardóttir (HV), Tinna Helgadóttir (TH). Auk þess sat Steinar Guðlaugsson fundinn.

Fundarstjóri: Rúnar Björn

Fundarritari: Guðjón Sigurbjartsson

1. Fundargerð 8.11.18

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Siðareglur

Í lið 6c. í síðustu fundargerð, lagði KSG til að stjórn PÍR myndi kynna sér siðareglur þingflokksins milli funda. Auk þess barst stjórn erindi frá félagsmanni eftir það, þess efnis hvort stjórn PÍR vilji taka taka upp siðareglur í anda siðareglna þingflokksins, eða samhljóða reglur.

Stjórn PÍR hefur kynnt sér þessar siðareglur og samþykkir samhljóða að taka þær upp í sínu starfi.

3. Lög PÍR

Fyrir fundinn hefur formaður beint því til stjórnarinnar að kynna sér lög PÍR. Rætt hvort ástæða væri til breytinga.

Stjórnin telur rétt að gefa sér lengri tíma til að vinna eftir lögnum áður en hugsanlegar lagabreytingar verða teknar til umfjöllunar.

4. Ókláruð verkefni vegna stjórnarskipta og úrvinnsla þeirra.

Samþykkt að Tinna verði í sambandi við fyrrverandi Gjaldkera, Björn Þór varðandi frágang ársreiknings og bókhalds og að ganga frá tilkynningu til RSK innan 30 daga frá aðalfundi sem er fyrir 26.11.18

Stjórnin beinir því til Þorgerðar og Rúnars að ljúka ársskýrslu formlega.

Steinar vék af fundi.

5. Markmið PÍR fyrir næsta starfsár.

Rætt um stefnumál fyrir starfsárið.

Meðal þess sem fram kom í umræðum var þetta:

- Mynda þarf málefnaþópa sem leiða endurskoðun og mótun stefnu um hin ýmsu mál sem mestu skipta svo sem húsnæðismál, leigjendamál, skaðaminnkunar mál osfrv.
- Verja þarf fjármunum í kynningarmál til að styðja við borgarstjórnarflokk Pírata og segja frá því sem vel er gert.
- Bjóða borgarstjórnarflokki á stjórnarfund PÍR við fyrsta tækifæri til að ræða m.a. með hvaða hætti stjórn PÍR getur styrkt þeirra starf sem mest og best.
- Stjórn PÍR þarf að ræða pólitík og álykta ef svo ber undir.

- Stefnt er að því að stefna og verkáætlun fyrir næsta starfsár liggi fyrir í byrjun næsta árs.

6. Samvinna við Ungra Pírata um viðburði fyrir Pírata

Áhugi er á því að styrkja Ungra Pírata um 150.000kr. gegn því að þeir haldi jólaglögg fyrir Pírata almennt og þorablót í janúar 2019.

7. Atkvæðafyrirkomulag hjá stjórn PÍR

Rætt um fundarsköp og afgreiðslur mála hjá stjórn PÍR.

Fundarmenn eru sammála um að miða við siðareglur þingflokks og stefna að consensus um mál en þegar um umdeild mál er að ræða ræður meirihluti aðalmanna niðurstöðu.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 22:35

Eftirfarandi liðum frestað:

- 1. Greiningar- og upplýsingadeild til stuðnings þingmanna og borgarstjórnar (mögulega úthlutað til Ungra Pírata)**
- 2. Ályktun aðalfundar.**